

**Sp.**

**50. Tillaga til þingsályktunar**

**[46. mál]**

um rekstur strandferða og flóabáta.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita nú þegar samninga við Eimskipafélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga um, að þau taki að sér frá næstu áramótum, eða svo fljótt sem verða má, allar strandferðir og flóabátaferðir umhverfis landið. Skal miða samninga við það, að aðilar skuldbindi sig til að halda uppi ferðunum á sinn kostnað næstu 25 ár, að þær verði eigi óhagkvæmari almenningi en nú er og uppfylli jafnan þær kröfur, sem gera verður til slíkra ferða á hverjum tíma, enda taki þá félögin við öllum þeim skipastól, er Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða og ríkissjóður er eigandi að.

**Greinargerð.**

Þáttill. þessi var borin fram á síðasta þingi, en var þá felld frá síðari umræðu og nefnd, og fékk málið því ekki á neinn hátt þinglega meðferð, svo sem venja er til. Með því að hér er um að ræða eitt hið raunhæfasta skref til sparnaðar í rekstri ríkisins, án þess þó að þjónusta sú, sem hér er í té látin, verði á nokkurn hátt lakari, — þykir rétt að bera málið fram á ný og freista þess að fá það gaumgæflega athugað, svo sem eðlilegt og sjálfsagt þykir um þingmál. Að öðru leyti vísast til greinargerðar, sem birt var með tillöggunni á síðasta þingi á þingskjali 94.